

EFTIRLITSSKÝRSLA

Öggur ehf. Kjarvalsstaðir, Hjaltadal



Dags eftirlits	15.10.2024	Ábyrgðarmaður eftirlits	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	Öggur ehf.	Eftirlitsmaður	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Heimili	Prestsstræti 3	Tegund eftirlits	Lokunareftirlit
Kennitala	650809-1300	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Einar Svavarsson	ÍSAT nr.	03.22.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin starfsemi er í stöðinni og er um lokunareftirlit að ræða.

Tvö frávik komu fram í eftirlitinu er varða skil á ársyfirliti 2023 og að mælingar á efnainnihaldi í vatni hafa ekki farið fram. Engar ábendingar voru settar fram í eftirlitinu.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið fór fram með vísan í 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Um litla landeldisstöð í bleikjueldi er að ræða með eldisaðstöðu utandyra, með heimild fyrir 12 tonna hámarkslífmassa á hverjum tíma. Stöðin stendur við bakka Hjaltadalsár og rennur frárennslið í læk sem þjónar hlutverki settjarnar og þaðan út í Hjaltadalsá. Starfsleyfið gildir til 17. maí 2039.

Umfang boðaðs eftirlits var eftirfarandi:

- Farið yfir starfsleyfi og stöðuna frá síðasta eftirliti
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Eftirlitsmælingar, skráningar og gagnaskil
- Áætlanir og viðbrögð – uppfærslur áætlana, trygginga o.fl.
- Umgengni og aðkoma lóðar
- Geymsla, förgun og meðhöndlun hættulegra efna
- Kynning á meðfylgjandi gögnum
- Skoðunarferð
- Önnur mál

Rekstraraðili sótti um nýtt starfsleyfi og var það gefið út þann 17. maí 2023. Rekstraraðili hefur nú lokað stöðinni og hefur enginn fiskur verið þar síðan í lok júní sl. Var honum leiðbeint um að sækja um niðurfellingu á starfsleyfinu til Umhverfisstofnunar, hyggist hann ekki opna stöðina aftur.

Engin frávik komu fram við síðasta eftirlit árið 2021 og engar ábendingar voru settar fram.

Áhættumat 2024 til ákvörðunar á tíðni eftirlits skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, fylgdi fundarboði eftirlits og var það uppfært miðað við núverandi stöðu að eftirliti loknu.

Í stöðinni var alin bleikja í fimm útikerjum. Kerin stóðu tóm er eftirlitið fór fram en loka frágangur er eftir. Fella þarf net yfir kerjum og gæta þess að fjarlægja allt það sem valdið gæti foktjóni, allan úrgang og ganga skal snyrtilega frá svæðinu. Engin spilliefni hafa verið notuð í stöðinni, önnur en formalín í litlu magni. Engin olía hefur verið í stöðinni og er allt vatn sjálfrennandi. Landsvæðið er í eigu rekstraraðila og í hvarfi frá þjóðvegi. Gengið var um stöðina og rætt um frágang vegna lokunar hennar.

Rekstraraðili skal senda eftirlitsaðila myndir til staðfestingar á frágangi stöðvarinnar, að honum loknum, svo hægt verði að fella niður starfsleyfið í framhaldinu, hafi beiðni þess efnis borist til Umhverfisstofnunar.

Frávik frá

Lýsing á fráviki

Gr. 4.4. í starfsleyfi

Rekstraraðili skal taka saman ársyfirlit og senda eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár. Ársyfirliti fyrir árið 2023 hefur ekki verið skilað.

Gr. 4.3 í starfsleyfi

Rekstraraðili skal taka sýni og mæla efnainnihald vatns við inntak í stöðina og í útrás frárennslis. Mælingar hafa ekki verið gerðar árið 2024. Starfsemi hefur

verið hætt í stöðinni og er frávikin því lokað.

ÁBENDINGAR

Engar ábendingar voru settar fram í eftirlitinu.

ANNAÐ


Engin mengunaróhöpp eða kvartanir eru skráðar hjá rekstraraðila né eftirlitsaðila frá því að síðasta eftirlit fór fram.

Kynning á gagnagrunni um mengaðan jarðveg, kynning á nýrri gjaldskrá Umhverfisstofnunar og breytingum á innheimtu eftirlitsgjalda, Kynning á breyttu fyrirkomulag á boðun eftirlits, kynning á heimild UST til álagningu stjórnvaldssekta og sniðmát vegna áætlunar um frágang vegna rekstrarstöðvunar fylgdu fundarboðinu. Komi til þess að rekstraraðili hefji aftur rekstur með nógildandi starfsleyfi þá er hann beðinn um að kynna sér gögnin.

Reykjavík, 13.11.2024

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.



Guðbjörg Stella Árnadóttir